

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

31. janúar 2021

Umsögn vegna frumvarps til laga um Hálandisþjóðgarð.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir samtökunum til umsagnar frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, 369. mál. þann 14. janúar 2020. Eftirfarandi er umsögn samtakanna.

Almennt

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) fagna áformum um Þjóðgarð á miðhálandi Íslands. Væri þjóðgarður á hálandinu kjörið tækifæri fyrir okkur sem þjóð að vernda loksins ein stærstu samfelldu víðerni Evrópu, einstök vistkerfi og einstakar jarðmyndanir og um leið fræða fólk um mikilvægi náttúruverndar og um náttúruna almennt.

Samtökin furða sig þó á því að fallið var í bili frá því að leggja fram frumvarp um að stofna til stofnunar þjóðgarða og friðlýstra svæða. Náttúruvernd á Íslandi þarf sterka stofnun með sameiginlega rödd til að berjast á móti skammtímahagsmunum einstakra aðila og lukkuriddara. Einkennilegt er að það séu þrjár stofnanir í litlu landi sem sjá um friðlýst svæði, þannig er þekking allt of dreifð, fjármunir fara til spillis og svæðum nálægt hverju öðru er sinnt af sitthvorri stofnuninni með mismunandi áherslur. Þó að stofnanirnar vinni að einhverju leyti saman þá er þetta fyrirkomulag klárlega vitleysa og ætti ekki að þekkjast í landi sem stærir sig af náttúru sinni en um leið af þjóðlegum gildum sem og lítilli yfirbyggingu hins opinbera.

Almennt vantar í lögin hvernig vernda eigi víðerni og náttúruna framur því sem er í lögum um náttúruvernd. Stjórnunar- og verndaráætlunin þarf að geta byggt á einhverju sem er í lögum og því þarf frekari náttúruverndarheimildir í lögin. Látum þetta frumvarp ekki verða enn eitt hálfkákíð.

Í frumvarpið vantar klausu um sértekjur og framlag frá ríkissjóði. En tryggt skal að sértekjur, sem eru ekki vegna veittrar þjónustu, renni til þjóðgarðsins og verði notaðar til fræðslu innan þjóðgarðsins. Almennur rekstur og framkvæmdir skulu fjármagnaðar af ríkissjóði.

Athugasemdir við einstaka greinar

2. gr.

Ekki er búið að klára þjóðlendumál. Fáar þjóðlendar hafa formlega verið stofnaðar í fasteignaskrá og því er viss brotalöm þar. Tryggja þarf að þegar dæmt er um nýjar þjóðlendar og áfrýjunarfrestur liðinn þá verði þær sjálfkrafa hluti af þjóðgarðinum án breytinga á reglugerð.

3. gr.

10. liður

Óljóst er í frumvarpsdrögunum hvernig ná eigi þessu fram. Ef hér er einungis verið að meina setu fulltrúa félaga í umdæmisráðum og stjórn, þá er það ekki nóg. Samstarf við almenning oft í gegnum félög er grundvöllur þjóðgarðsins og ætti að vera sterkar í frumvarpsdrögunum hvernig því skal háttáð.

5. gr.

Huga þarf hér hvernig þessi grein og 3. gr. laga 58/1998 um þjóðlendar tala saman. Margt í lögum um þjóðlendar stangast á við frumvarpsdrögin.

6. gr.

Hér ætti auðvitað að standa að Hálendisþjóðgarður sé hluti af stofnun þjóðgarða og friðlýstra svæða. Sú stofnun fer með stjórnun allra friðlýstra svæða á Íslandi en sérlög um hvert svæði halda sér.

7. gr.

Nauðsynlegt er að forstjórinn hafi þekkingu á náttúruvernd, jafnvel menntun á því sviði og hafi farsælan stjórnunarferil. Einnig vantar að stjórn geri tillögu til ráðherra að skipun forstjóra. Ráðherra má ekki vera sá aðili sem velur forstjóra. Sérstaklega ef það verður þannig að skipun hans sé þvert á vilja stjórnar.

8. gr.

Alltof flókið fyrirkomulag. Fundir verða of margir og alltof langir. 5 stjórnarmeðlimir er hámark. 1 formaður skipaður af ráðherra 1 varaformaður skipaður sameiginlega af sveitarfélögum sem hafa skipulagsskyldu innan þjóðgarðs, 1 frá umhverfis og náttúruverndarsamtökum, 1 frá útivistarsamtökum og 1 sem er kosinn af almenningi og býður sig fram í gegnum island.is. Einnig fá formenn svæðisráða að sitja liði sem viðkoma þeirra rekstrarsvæði, og hafa kynningarskyldu á málefnum svæðisráðs. Fulltrúar svæðisráða hafa ekki atkvæðisrétt og skulu ekki sitja allan fundinn nema ef hann er haldinn sérstaklega á því rekstrarsvæði.

9. gr.

Hér vantar sem sérlið að stjórn geri tillögu um ráðningu forstjóra til ráðherra.

10. gr.

Ef sumir stjórnarmenn eru ekki að vinna að 3. gr. þessa frumvarps ætti að vera heimild að fella skipun þeirra stjórnarmanna úr gildi. Ekki bara allrar stjórnarinnar.

11. gr.

Sjá athugasemd við 8. gr.

Hefur fulltrúi Minjastofnunar atkvæðisrétt? Hví er ekki fulltrúi Náttúrufræðistofnunar á fundum þegar rætt er um náttúruminjar? Þær eru hvor um sig fagstofnanir á sínu sviði og ættu því báðar að koma að borðinu.

12. gr.

Á umdæmisráð ekki að gera tillögu um ráðningu Þjóðgarðsvarða?

14. gr.

Viðbót er feitletruð „Þar skal fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu, **verndun upplifunar**, not þess og takmarkanir sem gilda á einstökum svæðum. Þá skal stjórnunar- og verndaráætlun Hálandisþjóðgarðs einnig ná til jaðarsvæða þjóðgarðsins.“

Viðbót við frumvarpsgreinina:

Stjórnunar- og verndaráætlun skal vera öllum almenningi aðgengileg á sýnilegan máta á landupplýsingavefsjá. Þá skulu þau gögn og þær þekjur sem sýnd eru á vefsíðunni vera aðgengileg öllum til niðurrhals og endurnota.

Stjórnunar og verndaráætlun skal fylgja Aðal- og svæðisskipulagi sveitarfélaga sem og landsskipulagsstefnu.

17. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um vegagerð og rask vegna hennar. Þarna mætti þó bæta við að hanna skal sér staðla fyrir vegagerð innan Hálandisþjóðgarðs þar sem náttúran nýtur alls vafa. Það skiptir nefnilega máli hvernig vegir eru lagðir og staðlar Vegagerðarinnar eru síst til þess fallnir að falla vel inn í umhverfið. Bæta mætti inn þar sem það hentar að allir vegir innan þjóðgarðs séu í veghaldi Vegagerðarinnar.

18. gr.

Hér vantar að taka fram að fyrirmæli starfsmanna skulu byggja á reglum, stjórnunar- og verndaráætlun eða lögum. Gestum skal ekki vera skylt að hlíta öllum fyrirmælum sem eiga sér enga stoð í reglum.

21. gr.

Hér er talað um að birta skal lokun með áberandi hætti í fréttamiðlum og á vefsvæði þjóðgarðsins. Nú er algjör óþarfi að setja kvöð á þjóðgarðinn að kaupa auglýsingu í dagblöðum og skrítið að krefjast þess að þjóðgarðurinn borgi í vefauglýsingu sem skv. auglýsingaáætlun fjölmiðla birtist bara í sum skiptin sem vefsíðan er heimsótt nema borgað sé þeim mun hærra gjald. Ekki er líka víst um að fjölmiðlar séu tilbúnir að birta fréttatilkynningu. Hér ætti að vera nóg að birta á vefsíðu þjóðgarðsins sem og að senda ábendingu á forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem eru með atvinnustarfsemi á svæðinu í gegnum island.is

23. gr.

Samtökin eru mótfallin því að þeir virkjunarkostir sem eru innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs séu áfram metnir.

Hér er einnig talað um að heimilt sé að meta áfram virkjunarkosti og ef þeir fara í orkunýtingarflokk þá er heimilt að gera ráð fyrir viðkomandi virkjun á jaðarsvæði þjóðgarðs. Er þjóðgarðurinn þá að fara að minnka og er það orðið að jaðarsvæði? Eða má þetta vera innan þjóðgarðs? Það virðist ekki vera miðað við næstu málsgrein.

25. gr.

Er einum þjóðgarðsverði heimilt að loka öllum Hálendisþjóðgarði? Er ekki aðeins of vel í lagt?

27. gr.

SUNN leggur til að þessi eftirfarandi hluti verður tekinn út. Hvaða stjórnvald er til þess bært að meta það hvort eitthvað sé ósanngjarnt eða ekki. Augljóst er að ef aðili veldur skemmdum og er brotlegur innan þjóðgarðs þá skal sá aðili sjá algerlega um að bæta þær skemmdir og á náttúran að fá að njóta vafans. Sektir lögreglu meta líka t.d. ekki stöðu viðkomandi.

„Krafa um úrbætur má ekki vera ósanngjörn með tilliti til kostnaðar, eðlis og umfangs tjónsins og stöðu og sakar hins brotlega.“

28. gr.

Stjórn leggur til að eftirfarandi setning: „Hálendisþjóðgarði er heimilt að stöðva tafarlaust framkvæmd eða athöfn í Hálendisþjóðgarði“ orðist svona: „Hálendisþjóðgarði er skylt að stöðva tafarlaust framkvæmd eða athöfn í Hálendisþjóðgarði“

31. gr.

Getur liður 3 ekki einnig innihaldið lið 4?

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lögin eiga að taka gildi 1. maí. En reglugerð um Hálendisþjóðgarð á ekki að taka gildi fyrr en 1. sept. Samt á að leggja niður stöðu framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs þegar lögin taka gildi. Er ætlunin að framkvæmdastjóri Hálendisþjóðgarðs stjórn Vatnajökulsþjóðgarði áður en Hálendisþjóðgarður verður formlega til eða á Vatnajökulsþjóðgarði að vera stjórnað af stjórn í millitíðinni?

Hvað verður einnig um stjórn og svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs þennan tíma sem hvorugur þjóðgarðurinn er formlega til, nema Vatnajökulsþjóðgarður með reglugerð sem hefur enga stoð í lögum, því lögin hafa fallið úr gildi, nema með klausu um það í þessum lögum? Ekki er víst að ákvæði í reglugerð Vatnajökulsþjóðgarðs standist lög eftir að frumvarpsdrögin um Hálendisþjóðgarð hafa fengið þinglega meðferð.

Hvað um starfsfólk Umhverfisstofnunar sem starfar fyrir svæði innan Hálendisþjóðgarðs, hefur það ekki forgang í störf þjóðgarðsins?

Fyrir hönd Stjórnar SUNN
Sævar Þór Halldórsson, varaformaður
sunn@sunn.is